



KS=1434

Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags á
*fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í
landi Hafliðakots*



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Apríl 2007

2007/3

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Fornleifaskráning og aðferðir	3
Aðferð við fornleifaskráningu	4
Jarðanúmer	4
Tegund, hlutverk og heiti	4
Lega	5
Staðhættir og lýsing	5
Hættumat	5
Heimildir	5
Heimildamenn	6
Saga jarðanna og fornleifar	6
Saga Hafliðakots	7
Náttúrufar og jarðarbætur	10
Heimildaskrá	13
Fornleifar í landi Hafliðakots	14
Niðurlag	20

Inngangur

Í apríl 2007 var 9961,2 fm afmarkaður deiliskipulagsreitur í landi Hraunshverfis milli

Eyrarbakka og Stokkseyrar, deiliskráður að beiðni Grétars Zophaníassonar fulltrúa á framkvæmda- og veitusviði Árborgar.

Reiturinn er rúmlega 130 m frá suðri til norðurs og 84 m frá austri til vesturs. Reiturinn er austur af beinamjölsværsmiðju sem stendur milli þorpana og um 50 m vestur af veginum að Stokkseyri. Reiturinn er á vinstri hönd þegar keyrt er að Gamla-Hrauni.

Deiliskráninguna annaðist Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur. Stuðst var við aðalskráningu Hraunshverfis sem unnin var af Kristínu Erlu Þráinsdóttur fornleifafræðingi sumarið 2006.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-

sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„ ... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr."

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins korni til." Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Korni fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til rínnanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Þjörgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í upplýsingakerfið Sarp sem er menningarsögulegur gagnagrunnur.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847.

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndir eða teikningar eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort Verkfræðistofu Suðurlands og eru kort birt hér með góðfúslegu leyfi þeirra.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem *Fasteignamat ríkisins* hefur úthlutað, t.d. Hafliðakot 165857, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 149 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernjar jarðar. Bæjarstæði Hafliðakots væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Hafliðakot 165857-149-1. Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir

landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihús; höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Gamlibrunnur, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS-hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjana er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Verkfræðistofu Suðurlands. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar

þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast afvöldum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hvernar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Saga

„Haflíðakot var kennt við Haflíða Þorsteinsson, er bjó þar lengi á fyrri hluta 18. aldar, en áður hét það *Ellidakot*." (Guðni Jónsson. 1958, bls. 77) Kemur það fyrst með því nafni í *Jarðabók Áma Magnússonar og Páls Vídalín* árið 1708. „Ellidakot, fyrsta hjáleiga. Dýrleikinn áður talinn í heimajörðinni. Sturlaugur Álfsson er ábúandinn. Landskuld xxx álnir í landaurum heima á jörðunni. Kúgildi i. Leigur gjaldast í smjöri til heimabóndans. Kvaðir dagsláttur, geldst in natura, mannslán í Þorlákshöfn um vertíð, leysist með x álnum, ef ei geldst in natura." (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 70) *Jarðabókin* er eina heimildin þar sem nafn Ellidakots kemur fram. „Haflíðakot var eina hjáleigan, sem fylgdi heimajörðinni við skipti eftir Magnús Bjarnason á Stóra-Hrauni [182310-143] árið 1817, ..." (Guðni Jónsson. 1958, bls. 77) Í *Manntalinu 1703*, eru hjáleigur Stóra-Hrauns [182310-143] sex talsins. Hjáleigurnar eru ónafngreindar, en getið eru um staðsettingu þeirra. Fimmta hjáleigan var austur frá Hrauninu og þar bjó Ormur Erlendsson ásamt þrem systkinum sínum. (Guðni Jónsson. 1958, bls. 77) Samkvæmt *Sögu Hraunhverfis á Eyrarbakka* bjó Ormur í Haflíðakoti en hann var sonur Erlends Sigurðssonar sem sagður er fyrsti ábúandi kotsins árið 1675-1695. (Guðni Jónsson. 1958, bls. 78) Í Haflíðakoti bjuggu að meðaltali sex manns, árið 1801 bjuggu þar sex manns, (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978, bls. 213) sjö manns bjuggu þar árið 1816 (*Manntal á Íslandi 1816.* 1947-74, bls. 300-1) og fjórir þar 1845. (*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982, bls. 219) Samkvæmt *Manntali á Íslandi 1910* er skráð í Haflíðakoti, eitt timburhús sem er tvíbýli. (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla.* 1997, bls. 148-9) Seinasti ábúandi Haflíðakots bjó þar frá í eitt ár 1931-1932. (Guðni Jónsson. 1958, bls. 84) Skammt suðvestur af Framnestóftum [182310-143-56] eru miklar bæjarrústir. Þær eru af býli því, er fyrrum hét Ellidakot [165857-149-1] en síðari tímum Haflíðakot. (Guðni Jónsson. 1958, bls. 140)

Samkvæmt ritinu *Sunnlenskum byggðum* hefur Haflíðakot verið lagt undir Borg [165857-150]. Þar kemur jafnframt fram að hjáleigan hafi farið í eyði í flóði 1799, en þar hefur af

öllum líkindum verið ruglað saman við býlið Salthól [182310-143-10]. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 284)

Samkvæmt *Jarðatali á Íslandi* árið 1847 var dýrleiki Hafliðakots ekki skráð en landskuld var 0,30 og kúgildi eitt. (Johnsen, J. 1847, bls. 60) Í *Jarðabókinni 1861* er Hafliðakot metið á 2,78-4 hundruð. (Vigfús Guðmundsson. 1960, bls. 56)

Náttúrufar og jarðabætur

Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir hafa oft valdið miklum usla við ströndina. Húsin á jörð Hafliðakots voru fimm talsins fyrir jarðskjálftana sem urðu árið 1896 og peningshúsin voru tíu. Við skjálfiana skemmdust þrjú bæjarhús lítið, en ekki er skráð um ástand tveggja þeirra. Sex peningahús skemmdust lítið en um afdrif fjögurra þeirra eru heldur ekki skráð. (Vigfús Guðmundsson. 1960, bls. 56) Á túnakort sem líklega er teiknað um 1920 er skráður bær, tvö útihús og matjurtagarður sem var 1032 m². Stærð túnsins var 1,8 ha þar af er ^{1/3} slétt. Jafnframt er teiknað á túnakortið, veg frá bænum, grjóthóla og götu meðfram þeim. (*Túnakort* [1920] Hafliðakot)

Samkvæmt *Fasteignabók* frá árinu 1932, var túnastærð Hafliðakots 2 ha og matjurtagarðar 1300m² að stærð. (*Fasteignabók*. 1932, bls. 12) Samkvæmt vef *Fasteignamats ríkisins* er Hafliðakot sem sama fasteignanúmer og Borg. Á jörð Hafliðakots eru skráðar fimm byggingar, alifuglahús, tvö hesthús, hlaða og skúr sem eru byggð á árunum 1930-1932. (*Fasteignamat ríkisins*)

Heimildaskrá.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignanamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Borg m/Hajliðakoti. Sveitafélagið. Árborg*. Sótt 28. júlí 2005 af <http://www.fmr.is>

Guðni Jónsson. 1958. *Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka*, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Árnason. 1954. Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. I. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan þjóðsaga, Reykjavík.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-74. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.) .

Túnakort [1920]. *Hafliðakot. Eyrarbakka*hreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka* . Fyrri bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

Fornleifaskráning


165857-149-1 Utan deiliskipulags

Sérheiti: *Hafliðakot*

Hlutverk: bæjarhóll bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðhættir: Skammt suðvestur af Framnestóftum [182310-143-56] eru miklar bæjarrústir. Þær eru af býli því, er fyrrum hét Elliðakot en síðari tímum



Bæjarhóll Hafliðakots. Tekið í suður.

Hafliðakot. (Guðni Jónsson. 1958: 140).

Lýsing: Í *Jarðabók* Áma Magnússonar og Páls Vídalín er Elliðakot talin upp sem fyrsta hjáleiga Hrauns. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:70) Á túnakorti er bær Hafliðakots skráður. (Túnakort [1920]) Bæjarhóllinn er um 2 m hár og 90 m AV og 70 m NS. Gróinn sóleyjum og grasi..

GPS: E396420 N373754

Hættumat: Lítil hætta

Heimildamaður: Pétur Friðriksson

Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Guðni Jónsson. 1958. *Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka*, Reykjavík.

Túnakort [1920]. *Haflíðakot. Eyrarbyggahreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

165857-149-2


Hlutverk: útihús

Utan deiliskipulags

Tegundn Tóft

Staðhættir: Á túnakorti sem líklegast var teiknað um 1920, er skráð tvö útihús (Túnakort [1920].) Útihúsið er um 90 m suðaustur af bæjarhól Haflíðakots. Tóftin er mjög greinileg í umhverfinu og

stendur á hæð.



Hleðslur í suðurvegg útihús

Lýsing: Tóftin er mjög heillega og standa allrir veggir þó tveir, norður og vestur veggir séu aðeins farnir að hrynja. Hæst standa hleðslur um 2 m og má segja að suðurveggur og gafl sem snýr í austur séu óskemmdir. Innanmál tóftarinnar eru 3x2 m og breidd veggja 1-1 -1/2m.

GPS: E 396499 N 373699

Hættumat: Ágangur hesta

Heimildir:

Túnakort [1920]. *Haflíðakot. Eyrarbyggahreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

165857-149-3

Hlutverk: útihús

Tegund þúst Utan deiliskipulags

Staðhættir: Á túnakorti sem líklegast var teiknað um 1920, er skráð tvö útihús (Túnakort [1920].) um 15 m norður af útihúsi [2] er hæð.

Sjáanlegar.



Þúst við hlið útihúss í vinstra horni myndar. Tekið í norður.

Lýsing: Greinilegt er að á hæðinni hefur staðið útihús, þó engar augljósar minjar um útihúsið séu lengur, en eftir stendur hóll sem hefur myndast vegna endurtekinna bygginga á sama stað.

GPS: E 396501 N 373700

Heimildir:

Túnakort [1920]. Hafliðakot. Eyrarbyggð, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165857-149-4

Hlutverk: leið Utan deiliskipulags

Tegund: Vegur

Staðhættir: Á túnakorti sem líklegast var teiknað um 1920, er skráð leið. (Túnakort [1920].) Frá bæjarhól Hafliðakots í austur í átt að bænum Borg má sjá upphækkun í landinu. Er þetta að öllum líkindum vegur, ólíklegur er að



Vegur í átt að bæjarhól. Tekið í suður.

um sokkinn túngarð sé að ræða þó það sé möguleiki.

Lýsing: Liggur vegur þessi framhjá útihúsum [2-3] og við dælu eina nálægt úthúsum má sjá að vegurinn hefur verið hækkaður upp með hraungrýti, á öðrum stöðum sér ekki í neitt grjótt. Breidd vegarins er um 2-3 m og stendur um 40 cm hærra en umhverfið í kring. GPS var tekin nálægt útihúsum.

GPS: N 396611 E 373735

Heimildir:

Túnakort [1920]. *Hafliðakot. Eyrarbakkahreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.*

165857-149-5


Hlutverk: óþekkt/rétt

Tegund: Garðlag

Utan deiliskipulags

Staðhættir: Á Hafliðakotstúni um 90 m suðaustur af bæjarhól Hafliðakots er garðlag. Gaððlagið er um 5m frá upphlöðnum vegi sem kallast Stokkur og er skráður undir Stóra-Hrauni.

Lýsing: Garðlag þetta er í boga og ber öll einkenni þess að vera rétt, hugsanlega náttthagi.



Garðlag, líklega rétt af einhverju tagi, útihús í fjarska.

Garðlagið liggur í boga frá austir til vesturs, hlaðinn úr hrauni og er um 1-1 1/2m að breidd og 28 m að lengd.

GPS: N 396447 E 373668

Hættumat: Hætta vegna ágangs hesta

165857-149-6

Utan deiliskipulags

Hlutverk: óþekkt/leið

Tegund: troðningur

Staðhættir: Meðfram bæjarhól Hafliðakots má

sjá troðning.



Troðningur við bæjarhól Hafliðakots. Tekið í norður.

Lýsing: Troðningurinn er um 30 cm djúpur og liggur meðfram bæjarhól og í norðurátt í átt að Beinaverksmiðju. Ekki er víst hversu gömul leiðin er en líklegt er að hestar sem ganga um svæðið í dag gangi í gömlum troðningum þess vegna er troðningurinn svona skýr. GPS tekið við bæjarhól.

GPS: N 396446 E 3737 499

Hættumat: Lítill hætta

Minjar innan deiliskipulagsreits

165857-149-7

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðhættir: 50 m austur af beinaverksmiðju og um 4 m suður af vegi sem liggur er garðalag.

Lýsing: Garður þessi er hlaðinn úr hrauni og er mikið skokkinn, hugsanlega hefur grjót

verið tekið úr honum. Garðurinn lítur út fyrir að vera nokkuð gamall. Garðurinn hefur verið

rofinn af veginum með liggur að Gamla Hrauni en á loftmynd sést að hann heldur áfram í átt að Litla Hrauni. Garðurinn hefur verið tekinn þar sem tún hefur verið gert svokallað Norðurtún. Garðurinn liggur í boga fyrir austur enda deiliskipulagsreits. Garðurinn er um 200 m að lengd og um 1-2 má breidd

GPS: norðurendi N 396630 E 373868 - suður endi N 396533 E 383907

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda



Garðlag innan deiliskipulagsreits.

165857-149-7

Hlutverk: óþekkt

Tegund: Rústasvæði


Staðhættir: Við austurgafli Beinamjölsverksmiðju er svæði sem líklegt er að sé minjasvæði.

Svæðið afinkast af veginum að Gamlahrauni til suðurs og heim að girðingu við bæjarhól Hafliðakots og eru það um 45 m og frá austurgafli Beinamjölsverksmiðju heim að girðingu til austurs og eru það 50 metrar .

Lýsing: Mikið er um þústir á svæðinu og nokkuð hárar allt að 2 m. Mikið hraun stendur upp úr jarðvegi og myndar á mörgum stöðum beinar línur sem oft bendir til mannvistaleifa. Einng er mikið um dældir á svæðinu. Þegar þetta er allt skoðað saman eru nokkrar líkur að

þessar þústir séu merki um að þarna hafi staðið mannvirki. Svæðið var allt skráð saman á eitt númer.

GPS: N 396572 E 373900



Hluti að rústasvæðinu. Tekið í suður.

Niðurstöður

Innan deiliskipulagsreitsins er einn garður sem líklega er nokkuð gamall. Deliskráningarreiturinn nær frá austurenda beinamjölsverksmiðju í átt að veginum að Stokkseyri. Frá beinamjölsverksmiðju og að girðingu í NA eru 50 metrar á því svæði eru miklar þústir og hraungrýti og lítur allt út fyrir að þetta séu mannvistarleifar, svæðið var teiknað upp og vísast í það í skýrslu hér að framan. Til eru munnlegar heimildir að þarna hafi staðið kot. Vissulega er mikið að hrauni á þessu svæði öllu sem stendur upp úr jarðvegi en nokkrar líkur eru samt sem áður á því að einhverjar minjar sé að finna að þessu 50 metra svæði. Hraungarður liggur í boga frá norðri til austurs. Hann er líklega nokkuð gamall.

Hraunshverfið þar sem deiliskipulagsreiturinn er var mjög þéttbýlt og er talið að um aldamótin 1900 hafi 143 manneskjur búið í Hraunshverfi (Guðni Jónsson.1958, bls. 7)

Í aðeins nokkur hundruð metra fjarlægð frá deiliskipulagsreit voru um sex býli, **Hafliðakot, Stöðlakot, Heiðarkot, Litlibær og Framnes.**

Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins. Mikið af minjum er nálægt og unnið er að skráningu á svæðinu. Vegna þéttleika býla á þessu svæði er það álit skýrsluhöfundar að fara verði varlega í allar framkvæmdir á þessu svæði.



TILLAGA AD DEILISKIPULAGI 1:1000

GREINARGERÐ DEILISKIPULAGSTILLÖGU

FORSENDUR SKIPULAGS
GERT AD BEIDNI SVEITARFELAGSINS ÁRBORGAR (LANDEIGANDA) VEGNA FYRIRHUGADRA FRAMKVÆMDA. UM ER AD RÆÐA LANDID "GAMASVÆÐI", SEM ER 9961 m² AD STÆRD.
SVEITARFELAGID HYGGET BYGGJA UPP GAMASVÆÐI TIL MÖTTÖKU Á HEIMILSSORPI, SPILLIFNUM, GARÐAÚRGANGI, PAPPÁ, TIMBRI, DEKKJUM OG BROTAJARNI Á SKIPULAGSSVÆÐINU.
GAMASVÆÐID MUN ÞJÓNA EYRABAKKA, STOKKSEYRI, DREIFBÝLI AUSTAN STOKKSEYRAR OG VANTALEGRI TJARNARBYGGÐ.
ÍBÚAR Á ÞESSU SVÆÐI VERÐA UM 1500. ÁCTLAÐ SORPMAGN SEM GAMASVÆÐID TEKUR Á MÖTI ER UM 100 TONN Á MÁNUÐI.
SKIPULAGSSVÆÐID AFMARKAST SKV. HNITPUNKTUM Á TEIKNINGU.

ADKOMAN
ADKOMAN ER FRÁ GAULVERJABEJARSVEGI NR. 33 UM HEIMREID AD GAMLA HRAUNI. ÞAR SEM ADKOMUVEGUR LIGGUR UNDIR RAFLINU MÁ EKKI VERA MINNA EN 6m FRÁ YFIRBORDI VEGAR UPP Í RAFLINU.

ADSTÆÐUR Á SKIPULAGSSVÆÐINU
SVÆÐID ER GRÖÐ MÖLENDI MED HRAUNHÖLUM UPP ÚR Á STÖKU STAD.

STEFNA ADALSKIPULAGS
SVÆÐID ER MERKT Í ADALSKIPULAGI SEM S31, SKIPULAGT SEM GAMASVÆÐI OG SKULU FRAMKVÆMDIR SAMREMAST ADALSKIPULAGI.

BYGGINGASKILMÁLAR
BYGGINGAREITUR: MÁNISHED ADSTÖÐUHÚSS OG VÉLAGEYMSLU SKAL VERA ALLT AD 5.0 M FRÁ JÖRÐU. ÞAKHALLI SKAL VERA Á BILINU 15-45°. INNAN REITSINS ER HEIMILT AD BYGGJA ALLT AD 100m² ADSTÖÐUHÚS OG VÉLAGEYMSLU.
GAMASVÆÐID VERÐUR AFGIRT MED 2m HÁRI NETGIRÐINGU. ALLT GAMASVÆÐID INNAN GIRÐINGAR MUN VERÐA MALBIKAD. RAMPUR VID GAMA ER MED STEYPTUM STÖÐVEGGJUM. JARDVEGSMANIR VERÐA GERÐAR UTAN VID GIRÐINGU OG ER HED ÞERRA 2m - 2,5m YFIR ENDALEGT YFIRBORD GAMASVÆÐIS.

VEITUR
TENING VERÐUR VID VEITUKERFI SVEITARFELAGSINS SEM LIGGJA VID GAULVERJABEJARSVEGI. NEYSLUVATN KEMUR FRÁ VATNSVEITU SELFOS, HEITT VATN KEMUR FRÁ SELFOSVEITUM. RAFMAGNSTENING VERÐUR VID DREIFIKERFI HITAVEITU SUDURNESJA. NÁNARI STADSETNING LAGNA VERÐUR UNNIN Í SAMRÁÐI VID VIKOMANDI VEITUSTOFNANIR.
KOMAN SKAL FYRIR ROTPRÓ FYRIR ÞJÓNUSTUHÚS MED TILHEYRANDI SÍTURLÖGN INNAN LÓÐAMARKA.
AFRENNSLI FRÁ VÉLAGEYMSLU OG AFTÖPPUNARPLANI VERÐUR Í SAMBYGGDA SAND- OG ÖLJUSKILJU MED VÖKTUNARBÚNADI. FRÁVEITA AF ÖÐRUM PLÖNUM VERÐUR Í GRJÓTSVELGI.

ÞJÓNUSTA
ÞJÓNUSTA SLOKKVILIDS ER FRÁ BRUNAVÖRNUM ÁRNESSEYSLU, OG ER NESTI SLOKKVIBILL STADSETTUR Á STOKKSEYRI Í UM 2,5 KM FJARLÉÐ.

NIDURSTÖÐUR FORNLEIFASKRÁNINGA
SAMKVÆMT FORNLEIFARANNÓKN GERÐI Í APRIL 2007 AF MARGRETI HALLUNDSDÓTTUR FORNLEIFAFRÉÐINGI, BYGGÐASAFNI ÁRNESINGA ERU FORNLEIFYAR Á SVÆÐINU (SJA SKÝRINGAR)


DEILISKIPULAGSTILLAGAN VAR AUGLÝST SKV. 25.GR. SKIPULAGS- OG BYGGINGARLAGA
FRÁ _____ TIL _____

DEILISKIPULAGSTILLAGA ÞESSI VAR SAMÞYKKT Í BÉJARSTJÓRN ÁRBORGAR
PANN _____

AUGLÝSING UM SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSINS BIRTIST Í B-DEILD STJÓRNARTIDINDA
PANN _____

SKÝRINGAR

- AFMÖRKUN DEILISKIPULAGSSVÆÐIS
- LÓÐAMÖRK
- AFMÖRKUN BYGGINGAREITA
- MENISSTEFNA
- BÍLASTÆÐI
- ROTPRÓ OG SÍTURLÖGN
- HEITI LÓÐAMARKAPUNKTS
- VEGUR
- HELGUNARSVÆÐI VEGAGERÐAR
- RAFLINA



HNITASKRÁ

Nafn	A-hnit	N-hnit
B01	396572.018	373900.240
B02	396580.572	373887.918
B03	396572.357	373882.216
B04	396563.803	373894.538
B05	396542.207	373874.385
B06	396548.367	373878.662
B07	396551.788	373873.734
B08	396545.628	373869.457
L01	396450.681	373855.075
L02	396488.641	373803.518
L03	396615.767	373891.762
L04	396579.272	373944.337

HNITAKERFI: ISN93

SKÝRINGAR Á FORNLEIFYUM

- 7. GARDUR 165857-149-7
- 8. AFMÖRKUN Á RÚSTASVÆÐI 165857-149-8

GAMASVÆÐI ÁRBORGAR, STRANDSVÆÐI

DEILISKIPULAGSTILLAGA Meðkvörði

YFIRLITSMYND 1:1000

YFIRLITSMYND 1:25000

YFIRLITSMYND ADALSKIPULAGS

Hannab:	Teknab:	Yfirforb:	Dags:
	BÁ	BÁ	17.04.07
Síð á disk:	Síðarnafn:	Verkr.	Blzr.
	07056-DSK1	07056	001

Samþykkt:

VERKFRÆÐISTOFA SUÐURLANDS EHF

Austurvegur 5, 800 Selfoss, Sími: 482 3900, Fax: 482 3914, Net: verkud@verksud.is